



Ráðhús Reykjavíkur
Forsætisnefnd

Efni: Tillaga ungmennaráðs um aukið nemendalýðræði

Á fundi skóla- og frístundaráðs þann 24. september 2019 var lagt fram bréf borgarstjórans í Reykjavík, dags. 29. mars 2019, þar sem tillögu Reykjavíkurráðs ungmenna um aukið nemendalýðræði er vísað til meðferðar skóla- og frístundaráðs ásamt minnisblaði sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs, dags. 8. maí 2019, um tillöguna.

Lögð fram svohljóðandi tillaga Ásdísar Maríu Hrafnssdóttur og Bryndísar Ýrar Sigurþórsdóttur frá ungmennaráði Grafarvogs:

Lagt er til að borgarstjórn samþykki að fela skóla- og frístundaráði, í samstarfi við mannréttinda- og lýðræðisráð, að auka nemendalýðræði í grunnskólum Reykjavíkur með því að gefa nemendum möguleika á því að ráðstafa hluta af fjármagni skólans.

Greinargerð fylgdi.

Skóla- og frístundaráðsfulltrúar Samfylkingarinnar, Viðreisnar og Pírata lögðu fram svohljóðandi breytingartillögu:

Skóla- og frístundaráð hvetur til þess að fulltrúar nemenda í skólaráðum í grunnskólum borgarinnar fái tækifæri til að tjá álit sitt og taka þátt í umfjöllun um ráðstöfun fjármagns skólans, öryggi, húsnæði, aðbúnað og almenna velferð nemenda í skólastarfinu. Til að svo megi verða mælir ráðið með því að fulltrúum nemenda í skólaráðum verði tryggður viðeigandi stuðningur í samræmi við Handbók um skólaráð með því að þeir hafi sérstakan stuðningsaðila sem aðstoðar þá við að undirbúa hvern fund og vinna úr niðurstöðum hans.

Breytingartillagan samþykkt.


Skóla- og frístundaráðsfulltrúar Samfylkingarinnar, Viðreisnar og Pírata lögðu fram svohljóðandi bókun:

Skóla- og frístundaráðsfulltrúar Samfylkingar, Viðreisnar og Pírata fagna þessari tillögu og þeim áhuga á skólasamfélagit og þess vilja til virkrar þátttöku sem í henni birtist. Nauðsynlegt er að rödd nemenda heyrist þar sem ákvarðanir um rekstur og starfsemi skólans eru teknar. Það er áhyggjuefni ef skólaráð eru ekki í öllum tilfellum slíkur vettvangur eins og lagt var upp með að þau yrðu. Lögð er áhersla á að skólaráð skuli vera

virk og starfa í samræmi við handbók um þau sem gefin var út 2017. Sjá þarf til þess að nemendum séu kynnt skólaráðin og þeim veittur sá stuðningur sem þarf til að komast inn í þau mál skólans sem þau láta sig varða, ekki síður fjármál en önnur. Þar sem fjármagn til skólanna er á forræði skólastjórnenda þyrfti kanna hvernig hægt væri að útfæra nánari aðkomu nemenda. Mikilvægt er til að farið verið í könnun á starfsemi skólaráða, virkni þeirra og eftirfylgd með handbók. Í kjölfarið verði ráðist í endurskoðun á þeirri handbók og farið í vinnslu nýrrar samþykktar um hlutverk skólaráða í samráði við fulltrúa þeirra, þá sérstaklega nemenda, með áherslu á að efla upplýsingagjöf til nemenda og möguleika þeirra á virkri þáttöku.

Erindið er hér með sent forsætisnefnd til upplýsingar.

Bestu kveðjur



Helgi Grimsson
sviðsstóri skóla- og frístundasviðs

Hjálagt:

Bréf borgastjóra Reykjavíkur um tillögu fulltrúa í ungmannaráði Grafarvogs, dags. 29. mars 2019
Minnisblað sviðsstjóra, dags. 8. maí 2019

Samrit:

Ungmannaráð Reykjavíkur



Borgarstjórninn í Reykjavík

**SKJALAVER
HÖFÐATORGI**

1. APR. 2019

Málsnr.: SFS 2019 04000 Y

Bréfalykill: 4. 9

Skóla- og frístundaráð

Borgartúni 12 - 14
105 REYKJAVÍKReykjavík, 29. mars 2019
R19030296*Tillaga fulltrúa í ungmannaráði Grafarvogs um aukið nemendalýðræði*

Á fundi borgarstjórnar og Reykjavíkurráðs ungmenna þann 26. mars 2019 var lögð fram svohljóðandi tillaga Ásdísar Maríu Hrafnssdóttur og Bryndísar Ýrar Sigurþórsdóttur frá ungmannaráði Grafarvogs:

Lagt er til að borgarstjórn samþykki að fela skóla- og frístundaráði, í samstarfi við mannréttinda- og lýðræðisráð, að auka nemendalýðræði í grunnskólum Reykjavíkur með því að gefa nemendum möguleika á því að ráðstafa hluta af fjármagni skólans.

Greiñargerð:

Meginmarkmið nýrrar menntastefnu Reykjavíkurborgar er að öll börn vaxi, dafni og uni sér saman í lýðræðislegu samfélagi. Skólinn er okkar samfélag. Eini vettvangurinn sem nemendur hafa í dag til formlegs samráðs við skólayfirvöld er skólaráð og við teljum það ekki vera tilætlaðan árangur. Að okkar mati er skólaráð syndarlyðræði og því viljum við í að voru tækifæri til áhrifa í okkar skólasamfélagi. Þess vegna leggjum við til að bein áhrif nemenda á sitt samfélag verði aukin og þeim gefinn möguleikinn á því að ráðstafa hluta af fjármagni skólans. Með þessu er verið að veita börnum fjölbreytt tækifæri til sköpunar og tjáningar sem einnig er hluti af leiðarljósi nýrrar menntastefnu Reykjavíkurborgar. Við teljum raunhæft að hægt væri að hrinda þessu verkefni í framkvæmd haustið 2020.

Samþykkt að vísa tillöggunni til meðferðar skóla- og frístundaráðs.

Athygli er vakín á því að tillagan var ekki samþykkt á fundinum og fara skal með hana á sama hátt og önnur mál sem koma til meðferðar af fundi borgarstjórnar. Í því felst að hana ber að leggja fyrir, taka til meðferðar og afgreiða eins skjótt og unnt er. Boða skal fulltrúa úr Reykjavíkurráðinu á fund ráðsins til að kynna efni tillögunnar.

Óskað eftir því að forsætisnefnd verði upplýst reglulega um framvindu málsins og um endanlega afgreiðslu tillögunnar. Afrit af þeim bréfum ber að senda á tengilið Reykjavíkurráðs ungmenna, Huldu Valdís Valdimarsdóttur, verkefnastjóra á skóla- og frístundasviði.

Stöðufundur með fullrúum Reykjavíkurráðsins verður haldinn á haustmánuðum. Þar verður farið yfir afgreiðslur tillagna af sameiginlegum fundi borgarstjórnar með Reykjavíkurráðinu. Er mælst til þess að tillagan verði afgreidd af skóla- og frístundaráði fyrir þann tíma.

Helga Björk Landal
e.u.

Reykjavík, 8. maí 2019

SFS2019040003

165. fundur

HG/nkc

MINNISBLAÐ**Viðtakandi:** Skóla- og frístundaráð**Sendandi:** Helgi Grímsson**Efni: Varðandi tillögu fulltrúa ungmennaráðs Grafarvogs um aukið nemendalýðræði.**

Á fundi borgarstjórnar og Reykjavíkurráðs ungmenna þann 26. mars 2019 lagði fulltrúi í ungmennaráði Grafarvogs fram svohljóðandi tillögu:

Lagt er til að borgarstjórn samþykki að fela skóla- og frístundaráði, í samstarfi við mannréttinda- og lýðræðisráð, að auka nemendalýðræði í grunnskólum Reykjavíkur með því að gefa nemendum möguleika á því að ráðstafa hluta af fjármagni skólans.

Aukið nemendalýðræði er í samræmi við menntastefnu Reykjavíkur en leiðarljós hennar er *Barnið sem virkur þáttakandi*. Virk hlutdeild nemenda er einnig tryggð í lögum um grunnskóla nr. 91/2008.

Í 10. grein laga um grunnskóla nr. 91/2008 er fjallað um nemendafélög, þar segir meðal annars: Nemendafélag vinnur m.a. að félags-, hagsmunu- og velferðarmálum nemenda.

Í 8. grein grunnskólalaga er fjallað um skólaráð sem er samráðsvettvangur skólastjóra og skólasamfélags um skólahald. Skólaráð fjallar um skólanámskrá, árlega starfsáætlun, rekstaráætlun og aðrar áætlanir um skólastarfið. Skólaráð er því lögbundinn vettvangur til að hafa áhrif á ráðstöfun fjármagns skólans. Tveir fulltrúar nemenda sem kosnir eru af nemendafélagi sitja í skólaráði. Meðal verkefna skólaráðs er að halda árlegan fund með stjórn nemendafélagsins.

Í *Handbók um skólaráð* sem gefin var út af Sambandi íslenskra sveitarfélaga og skóla- og frístundasviði Reykjavíkurborgar (<https://reykjavik.is/handbok-um-skolarad>) segir að mikilvægt sé að kjörnir fulltrúar séu í góðum tengslum við hópinn sem hann er fulltrúi fyrir svo þeir viti hvaða málefni hann telur mikilvægt að skólaráð fjalli um. Þetta á við um alla fulltrúana í skólaráði þar á meðal fulltrúa nemenda. Handbókin var kynnt á fundi skólastjóra og einnig með pósti til þeirra. Heimili og skóli og SAMFOK stóðu fyrir kynningum fyrir foreldra og nemendur og héldu námskeið fyrir umrædda hópa.

Í greinargerð með tillögu ungmennaráðs Grafarvogs segir: *Að okkar mati er skólaráð sýndarlýðræði og því viljum við fá alvöru tækifæri til áhrifa í okkar skólasamfélagi.*

Eins og fram hefur komið er aðkoma nemenda að ákvörðunum um skólahald lögbundin með skólaráðum og að hluta til með nemendafélögum. Í stað þess að stofna þriðja vettvanginn fyrir nemendur til að hafa áhrif á ákvarðanir um ráðstöfun fjármagns er lagt til að stutt verði betur

við nemendur í skólaráðum svo aðkoma þeirra verði í samræmi við lög og reglugerð. Mælt er með því að fulltrúum nemenda í skólaráðum verði tryggður viðeigandi stuðningur í samræmi við Handbók um skólaráð en þar er mælt með því að nemendur í skólaráðum hafi sérstakan stuðningsaðila sem aðstoðar þá við að undirbúa hvern fund og vinna úr niðurstöðum hans.